

Íslenska sem annað tungumál – Aðalnámskrá grunnskóla

3. stig

Hlustun

Nemandi ...

- Skilur nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi.
- Skilur megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina
- Skilur megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli.
- Er kominn með nokkuð góða þekkingu á námsorðaforða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á.

Lestur

Nemandi ...

- Getur fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta.
- Getur lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda).
- Getur fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni.
- Getur lesið einfaldar skáldsögur í fullri lengd.

Talað mál

Nemandi ...

- Getur tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann
- Getur tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina.
- Getur tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær.
- Getur útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt
- Getur að mestu tjáð skoðanir sínar á skýran hátt.
- Getur sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu.

Ritun

Nemandi ...

- Getur skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur).
- Getur skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang.
- Getur tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða.
- Getur skrifað námsritgerðir og notar námsorðaforða með viðeigandi stuðningi orðalista og orðabóka
- Getur gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi, atburðarás og sögulokum.
- Hefur öðlast breiðan grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.